



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2019.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017. 150. löggjafarþing 2019-2020, þskj. 184, 183. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar þar sem ráðherra er gefin heimild til að greiða bætur til handa þeirra sakborninga sem sýknaðir voru í hinu svokallaða Guðmundar og Geirfinnsmáli með dómi Hæstaréttar nr. 521/2017.

Skrifstofan fagnar framlögðu frumvarpi enda tímabært að gert sé upp það ranglæti sem þeir sýknuðu þurftu að þola, og eftir atvikum fjölskyldur þeirra, þó aldrei verði hægt að bæta þann miska sem hlaust af með fjármunum einum og sér.

Skrifstofan tekur þó ekki afstöðu til að meta hver fjárhæð bótanna skuli vera.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri